



Akureyrarbær

## Stýring bílastæða á Akureyri Innleiðing gjaldskyldu



Bæjaráð, skipulagsráð og umhverfis- og mannvirkjaráð

Skilamat 15. febrúar 2023

## Efnisyfirlit

Markmið og undirbúningur .....	3
Fyrirkomulag kerfis fyrir breytingar .....	3
Endurbætt fyrirkomulag á stýringu bílastæða í bæjarlandinu .....	5
Hönnun og Framkvæmd .....	6
Verklagsreglur.....	6
Hönnuðir, eftirlit og verktakar .....	7
Kostnaður .....	8
Tekjur 2022 .....	8
Lög, reglugerðir og fleira .....	9
Samantekt og lykiltölur .....	10
Myndir.....	13
Fylgiskjöl .....	15

## Markmið og undirbúningur

Á vormánuðum árið 2019 var Ásthildi Sturludóttur bæjarstjóra falið að setja af stað verkefni til að skoða umfang þess að innleiða gjaldheimtu á bílastæðum Bifreiðastæðasjóðs Akureyrarbæjar að beiðni meirihluta bæjarstjórnar. Í kjölfarið var skipaður verkefnahópur starfsfólks af skipulagssviði, fjársýslusviði og umhverfis- og mannvirkjasviði sem funduðu reglulega um málefnið. Í hópnum voru, Eggert Þór Óskarsson, Eiríkur Jónasson og Pétur Ingi Haraldsson.

Breytingar voru á bæjarstjórn haustið 2020 og samkvæmt samstarfssáttmála bæjarstjórnar Akureyrarbæjar á að taka upp gjaldskyldu á bílastæðum í miðbænum sem er liður í því að stefna að sjálfbærum rekstri bæjarins. Vinna hófst þá að nýju að fullum krafti í ársbyrjun 2021 og þá hafði verkefnahópurinn verið endurskipulagður en með hópnum starfaði Daði Baldur Ottósson, ráðgjafi hjá EFLU verkfræðistofu sem kom inn í verkefnið haustið 2020 og starfsmenn frá Akureyrarbæ voru þeir Eggert Þór Óskarsson, Eiríkur, Jónasson, Pétur Ingi Haraldsson og Tómas Björn Hauksson sem kom inn í hópinn upp úr byrjun árs 2021.

Markmiðin um bætta stýringu bílastæða á bæjarlandi voru eftirfarandi:

- Bæta lífsgæði og skapa tækifæri fyrir fjölbreyttari notkun bæjarlands, með því að stýra betur eftirspurn eftir bílastæðum.
- Draga úr umferð, umferðartöfum, útblæstri og hljóðmengun. Einnig að bæta umferðaröryggi fyrir aðra vegfarendur, með því að draga úr fjölda ökumanna sem aka um og leita að lausum bílastæðum.
- Styðja við verslun og fyrirtæki, með því að auðvelda viðskiptavinum (íbúum og ferðamönnum), þjónustuaðilum og gestum að finna laus bílastæði.

## Fyrirkomulag kerfis fyrir breytingar


Bifreiðastæðasjóður Akureyrarbæjar var samþykktur árið 1993 og var gjaldskylda á bílastæðum til ársins 2005. Frá árinu 2005 var stýringu bílastæða breytt og hefur verið byggt upp að stærstum hluta af klukkustæðum í miðbæ Akureyrarbæjar. Leggja mátti

bifreið í klukkustæði án gjalds í tiltekinn tíma frá 15 mín. til 2 klst. en tímatakmarkanir voru tilgreindar á skiltum við viðkomandi stæði. Skyld var að hafa bifreiðastæðaklukkuna í framrúðu bifreiðarinnar. Sýna átti með vísi á bifreiðastæðaklukkunni hvenær bifreið var lagt á stæðið. Einnig mátti notast við handskrifaðan miða ef klukka var ekki til staðar.

Íbúar með lögheimili innan afmarkaðs reits í miðbæ Akureyrarbæjar sem ekki höfðu aðgang að bifreiðastæði innan lóðar, gátu fengið íbúakort. Kortið veitti þeim heimild til að leggja bifreið sinni á nánar tilgreindum klukkustæðum innan þess svæðis.

Fyrir þá sem lögðu bíl sínum reglulega í miðbænum yfir daginn, þá var í boði að kaupa hjá Bifreiðastæðasjóði svokölluð fastleigukort. Kortið var gefið út í ákveðinn tíma, hámark 1 ár í senn. Bifreið með gilt fastleigukort sýnilegt í framrúðu mátti leggja í fastleigustæði ótímabundið. Leggja mátti í hvaða fastleigustæði sem laust var í miðbænum en stæðin voru merkt með sérstökum skiltum. Handhafi fastleigukorts mátti nýta kortið í hvaða bifreið sem var en aðeins einni í einu. Korthafi þurfti sjálfur að sjá um að endurnýja kortið þegar gildistími rann út og fékk þá nýtt kort með nýjum gildistíma.

Bifreiðum sem gengu fyrir umhverfisvænum orkugjöfum, s.s. rafmagni eða metani, mátti leggja í svokölluð græn stæði eða Vistorkustæði sem merkt voru með sérstöku skilti. Græn stæði voru fyrst útbúin árið 2015 og hingað til höfðu bifreiðir fengið að standa ótímabundið í þeim. Yfirlit yfir staðsetningu klukkustæða, fastleigustæða, grænna stæða og afmörkun íbúakortasvæðis má sjá hér að neðan.



MYND 1 Yfirlit yfir staðsetningu og tegund bílastæða á Akureyri.

## Endurbætt fyrirkomulag á stýringu bílastæða í bæjarlandinu

Með það að leiðarljósi að endurbæta núverandi fyrirkomulagi við stýringu bílastæða, auðvelda öikumönnum að finna bílastæði og styðja við markmið bæjarins, lagði verkefnahópurinn til að innleidd væri gjaldskylda á bílastæðum í stað klukkustæða. Var það einnig í samræmi við samstarfssáttmála og beiðni meirihluta bæjarstjórnar sem lá til grundvallar í byrjun verkefnisins. Lögð var til gagnadrifin stýring gjaldskyldra bílastæða sem lýst er betur hér að neðan.

Lagt var til að ný gjaldsvæði og gjaldskrá bílastæða stuðli að því að nýting bílastæða færi ekki yfir 85%, svo það sé a.m.k. eitt til tvö bílastæði laus í sérhverri götu. Lægsta mögulega verð var notað til þess að ná þessu markmiði.

Forsenda fyrir nýjum gjaldsvæðum var því að bílastæðanýting væri yfir 85% á þeim svæðum sem erfitt var að finna bílastæði. Þessi stefna leiddi einnig til þess að þar sem eftirspurn var mikil og þar sem fá bílastæði voru laus á annatíma, mundi Akureyrarbær hækka verð til þess að stýra eftirspurninni. Slíkar verðhækkningar eiga hvetja öikumenn til að dvelja skemur, til að leggja ökutækjum lengra í burtu þar sem gjald er lægra eða gjaldfrjálst, eða velja sér annan fararmáta. Þannig má opna fleiri

bílastæði, auka bílaveltu stæða (e. parking turnover) og þar með þjóna fleiri notendum. Með sama hætti mun bærinn lækka verð bílastæða þar sem eftirspurn er lítil yfir daginn, til þess að hvetja til betri nýtingar. Gögnum verður safnað með reglulegum hætti líkt og tíðkast hefur til margra ára með mismundi aðferðum (í upphafi með handtalingum nú meðal annars með dróna). Gæði gagnasöfnunar munu aukast með tíð og tíma eftir því sem tæknin tekur framförum.

Sama stefna var tekin upp hjá Reykjavíkurborg árið 2019 en almennt hefur sambærileg stefna um stýringu bílastæða verið útfærð í mörgum borgum og bæjum erlendis.

## Hönnun og Framkvæmd

Ráðgjafarnir EFLA gerðu tillögu að stýringu bílastæða, hönnun nýrra skilta ásamt gerð útboðsgagna vegna gjaldmæla og eftirlitskerfis. En gjaldmælar og eftirlitskerfi voru boðin út september 2021 og kom eitt tilboð fra IOS hugbúnaði ehf. í eftirlitskerfi og var tilboðið 40% af kostnaðaráætlun. Ekkert tilboð barst gjaldmæla og var samið við Flowbird um kaup á þremur mælum með milligöngu Smith & Norland en það eru mælar sem Bílastæðasjóður Reykjavíkur notast við en þeir reka um 120 mæla af þeirri gerð og fengum við góða aðstoð og kennslu frá þeim þegar kom að uppsetningu á okkar mælum.

Hönnun skiltafestinga og staðsetningar voru í höndum UMSA og EFLU. Umhverfismiðstöð sá um bæði niðurtekt og uppsetning skilta. Stöðumælar voru settir upp af Umhverfismiðstöð með aðstoð verktaka og Rafeyrar.

## Verklagsreglur

### 1. Verðbreytingar gjaldsvæða

- 1.1. Ákvarðanir um verðbreytingar gjaldsvæða skulu byggja á viðmiðum um ákjósanlega bílastæðanýtingu.
- 1.2. Ákjósanleg bílastæðanýting í sérhverri götu og/eða lóð í eigu bæjarins er að jafnaði á bilinu 60-85%.
- 1.3. Gögnum um bílastæðanýtingu innan gjaldsvæða skal vera safnað a.m.k. árlega.

- 1.4. Byggt á gögnum um *bílastæðanýtingu*, gildir eftirfarandi fyrir sérhverja götu/lóð innan gjaldsvæða:
- 1.4.1. Ef bílastæðanýting mælist yfir 85%:
- Verð er hækkað í næsta verðflokk skv. gjaldskrá, og/eða
  - Settar eru kvaðir um hámarkstíma
- 1.4.2. Ef bílastæðanýting mælist undir 60%:
- Verð er lækkað í næsta verðflokk skv. gjaldskrá
- 1.4.3. Ef bílastæðanýting mælist á milli 60-85% er verð gjaldskyldra bílastæða óbreytt.
- 1.5. Undantekningarnar á því að fylgt sé verklagi í grein 1.4 eru eftirfarandi:
- Fyrirhugaðar breytingar á verði, gjaldskyldutíma eða kvöðum á hámarkstíma í nærliggjandi götu/götum eru taldar geta haft áhrif á nýtingu bílastæða, eða
  - Núverandi/fyrirhugaðar framkvæmdir eða skipulagsbreytingar hafa áhrif á nýtingu bílastæða, eða
  - Talin er þörf á að stuðla að skýrari samfellu gjaldsvæða. Við þær aðstæður getur Akureyrarbær metið sem svo að tiltekin gata/lóð beri sama verð/hámarkstíma/gjaldskyldutíma og nærliggjandi götur.

## Hönnuðir, eftirlit og verktakar

EFLA	Ráðgjafar
UMSA	Verkefnastjórn, talningar, hönnun, eftirlit og umsjón
Fjárslusvið	Verkefnastjórn, heimasíða og umsjón
Skipulagssvið	Verkefnastjórn
Umhverfismiðstöð	Uppsetning skilta og gjaldmæla
Akureyrarstofa	Kynningarmál
IOS Hugbúnaður ehf.	Eftirlitskerfi
Flowbird/Smith&Norland	Gjaldmælar, forritun og prentúllur
Easy Park	Greiðsluapp
Parka	Greiðsluapp
Origo hf.	Samtenging kerfa við Sap
Skiltagerð Norðurlands	Framleiðsla skilta
Ferro Zink hf.	Framleiðsla festinga
Rafeyri ehf.	Uppsetning gjaldmæla
Garðverk ehf.	Uppsetning og frágangur við gjaldmæla
Finnur ehf.	Uppsetning gjaldmæla
Byko ehf.	Jarðfestingar
Íslandshús ehf.	Undirstöður

HGH ehf. Steypa í undirstöður gjaldmæla  
Íshúsið ehf. Þurkubox í gjaldmæla  
Link kvikmyndagerð ehf. Kynningarmyndband

## Kostnaður

Kostnaðaráætlun frá september 2021 gerði ráð fyrir heildarkostnaði upp á kr. 40.460.000.

Raunkostnaður 31.12.2022 var kr. 29.451.123 eða um 73% af áætlun.

Sjá nánari sundurliðun í fylgiskjali.

## Tekjur 2022

Ráðgjafi gerði spá um væntar heildartekjur sjóðsins eftir breytingar úr klukkukerfi í gjaldskyldu. Tekjur sjóðsins byggjast upp á nokkrum þáttum sem eru, stöðubrotsgjöld (ólöglega lagt), aukastöðugjöld (stöðumælasekt), gjaldskylda (bílastæðagjöld), tekjur af fastleigu- og íbúakortum. Einnig innheimtir sjóðurinn gjöld af lóðarhöfum sem kaupa sig frá stæðum þegar ekki er hægt að uppfylla fjölda stæða innan lóðar samkvæmt deiliskipulagi, ekki er hægt að áætla þær tekjur þar sem ekki er vitað með löngum fyrirvara hvenær slíkt gerist.

Ráðgjafi gerði ráð fyrir að væntar heildartekjur gætu verið á bilinu 70-90 mkr. á árs grundvelli. Verkefnahópurinn lagði til að gera ráð fyrir um 5,8 mkr. að meðaltali á mánuði við gerð fjárhagsáætlunar sjóðsins vegna ársins 2022. Bæjarráð sem fer með stjórn sjóðsins hækkaði þá upphæð í um 7,9 mkr. á mánuði. Raunin var að tekjur sjóðsins frá apríl byrjun, þegar gjaldskyldan tók formlega gildi, og til loka árs 2022 var um 5,8 mkr. á mánuði. Heildartekjur sjóðsins á árinu 2022 voru um 84 mkr. en þar af keypti lóðarhafi sig frá bílastæðum við Hofsbót fyrir um 24 mkr. Tekjur sjóðsins þegar klukkukerfið var í notkun voru um 30-35 mkr. á ári.



Flokkur	apr-des 22	á mán.	hlutf.	apr-des 21	
Aukastöðugjald	16.979.220	1.886.580	32%	20.186.970	
Stöðubrotsgjald	15.786.442	1.754.049	30%	13.473.200	
Álag - eftir eind.	776.362	86.262	1,5%	1.866.550	
Afsláttur - 3d	- 7.189.792	- 798.866	-14%	- 6.821.096	
Samtals sektir	26.352.232	2.928.026	50%	28.705.624	-8% lækkun milli ára (apr-des)
Stöðumælar	5.345.235	593.915	10%	-	
App Parka	10.089.618	1.121.069	19%	-	
App Easy Park	7.886.773	876.308	15%	-	
Fastleigustæði	2.551.639	283.515	5%	802.495	Ársupphæð er svipuð milli ára
Íbúakort	186.000	20.667	0,4%	-	
Sérsamningur LB	259.560	28.840	0,5%	259.560	
Samtals stæðisgj.	26.318.825	2.924.314	50%	1.062.055	
<b>Samtals</b>	<b>52.671.057</b>	<b>5.852.340</b>	<b>á mán.</b>	<b>29.767.679</b>	77% hækkun milli ára (apr-des)
Fastleiga jan-des	2.702.414			1.635.251	65% hækkun milli ára (jan-des)

MYND 2 Yfirlit yfir skiptingu tekna apríl – desember 2021 og 2022

## Lög, reglugerðir og fleira

- Samþykkt um bifreiðastæðasjóð Akureyrarbæjar
- Kort með útskýringum (sjá fylgiskjöl gjaldkortíð)
- Auglýsing um gjaldskrá vegna stöðvunarbrota í Akureyrarbæ
- Umferðarlög, nr. 77/2019
- Reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, nr. 289/1995
- Reglugerð um útgáfu og notkun stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, nr. 1130/2016
- Stjórnsýslulög, nr. 37/1993
- Lög um meðferð einkamála, nr. 91/1991
- Reglugerðir með breytingum er að finna á vef Samgöngustofu.

## Samantekt og lykiltölur

Kerfið var formlega tekið í notkun 4. apríl 2022 og eru því komin rúmlega 8 mánaða reynsla. Kerfið hefur að mestu virkað án mikilla vandræða. Á vordögum 2023 þá þarf að klára vinnu við samantekt á talningum og rýna í hvernig hefur til tekist og hvort verklagsreglur gefi til kynna að einhverra breytinga sé þörf.

Við skoðun á fyrstu talningum og sjónmat er augljóst að bílastæði í miðbænum eru allt of mörg en fjöldinn er um 1.100 bílastæði og gróflega er nýting aðal bílastæðanna of lág eða rétt um 50% en ætti að vera um 60-85% á því svæði. Þess má geta að fjöldi stæða í miðborg Kaupmannahafnar er 1.050 og stendur til að fækka þeim um helming í ár.

Gjaldsvæðin hjá okkur eru á 100 og 200 kr./klst. Síðan gjaldskyldan var tekin upp hjá okkur hefur bílastæðasjóður Reykjavíkur hækkað gjaldskrána hjá sér tvisvar sinnum og eru verðin hjá þeim frá 220-420 kr./klst. í dag.

Verkefnahópurinn lagði til að bætt væri við um 0,5-1 stöðugild við sjóðinn, hlutverk þess starfsmanns væri að sjá um allan rekstur, skilgreina og panta þjónustu við stæðin, sinna talningum og úrvinnslu þeirra sjá um stefnumótun og framtíðarsýn. Hópurinn lagði til að keypt væri umhverfisvæn bifreið sem starfsmenn sjóðsins mundu samnýta við sína vinnu en starfsmenn sjóðsins sinna einnig eftirliti með ólöglegri lagningu um allan bæ sem og stæðum hreyfihamlaða á öllum stofnana- og þjónustulóðum á Akureyri. Einnig var lagt til að auka þjónustu og viðhald á stæðunum en því hefur verið haldið í meira en lágmarki síðustu árin þar sem tekjur hafa varla staðið undir rekstri.

Í stuttu máli hefur ekkert verið gert í þessu og sjóðurinn heyrir ekki undir neitt ákveðið starf. Í sumar voru starfsmenn sjóðsins í sumarfríi á tekjuhæsta tímabilinu og hluta þess tíma voru báðir í fríi á sama tíma og má áætla að tekjumissir á þessu tímabili vegna undirmönnunar sé um 2-4 mkr. sem er mun hærri upphæð en kostnaður við afleysingar.

Það eru tækifæri í tekjuöflun fyrir sjóðinn, manna stöðuvörslu að fullu allt árið um kring, rýna vel í notkunartölur á fjærsvæðum þegar þær liggja fyrir en mjög líklegt er að nýting sé yfir viðmiðunarmörkum á 2-3 fjærsvæðum hjá okkur. Segja

upp/endursemjja úreldum samningi um stæði við Landsbankann og ef farin verður sú leið að endursemjja að verði tekin mið af þeim verðum sem eru á fastleigusvæðinu við Túngötu hið minnsta.

Í Reykjavík er gjald fyrir stöðubrot 4.500 kr. og ef greitt er innan 3 daga eru 1.100 kr. í afslátt á Akureyri er gjaldið 3.090 kr. og 33% afsláttur ef greitt er innan 3 virkra daga.

Í Reykjavík sér sjóðurinn um eftirlit með gjaldskyldu á stæðum nokkurra stofnannalóða eins og Háskólans og Landspítalans, Háskólinn á Akureyri hafði samband við verkefnahópinn og var áhugasamur um að skoða þann möguleika með bifreiðastæðasjóði Akureyrarbæjar.

#### Lykil dagsetningar verkefnisins

Bæjarstjóri	20.5.2019	Meirihluti felur bæjarstjóra að koma af stað gjaldheimtu fyrir bílastæði í bænum.
Verkefnahópur	22.5.2019	Fyrsti fundur verkefnahóps, Ásthildur, Pétur, Guðríður, Eggert, Steindór og Eiríkur.
Verkefnahópur	22.05.2019-11.11.2019	Verkefnahópur fundar og vinnur að upplýsingaöflun á tímabilinu 22.05.2019-11.11.2019.
Verkefnahópur	7.9.2020	Ákveðið að fá EFLU inn til að aðstoða við verkefnið og Daði Baldur Ottósson er verkefnastjóri hjá EFLU.
Umhverfis- og mannvirkjaráð	21.2.2020	Tekið fyrir minnisblað bílastæðasjóðs um fyrirhugaða gjaldtöku dagsett 18. febrúar, <b>UMR frestar afgreiðslu</b>
Skipulagsráð	26.2.2020	Tekið fyrir minnisblað bílastæðasjóðs um gjaldtöku, Skipulagsráð tekur jákvætt í hugmyndir um gjaldtöku á bílastæðum í miðbæ Akureyrar og <b>felur sviðsstjóra skipulagssviðs að vinna áfram að málinu og gera tillögu að áætlun um innleiðingu í samráði við umhverfis- og mannvirkjasvið.</b>
Umhverfis- og mannvirkjaráð	6.3.2020	Tekið fyrir minnisblað bílastæðasjóðs um mögulega gjaldtöku dagsett 18. febrúar, UMR felur <b>umhverfis- og mannvirkjasviði að gera tillögur að áætlun um innleiðingu gjaldtöku á bílastæðum í miðbæ Akureyrar og meta kosti og galla við slíkt fyrirkomulag í samráði við skipulagssvið.</b>
Skipulagsráð	11.11.2020	Daði Baldur Ottósson hjá Eflu verkfræðistofu kynnti tillögur að verkferlum í tengslum við innleiðingu á gjaldtöku á bílastæðum í miðbæ Akureyrar. <b>Skipulagsráð þakkar Daða fyrir kynninguna.</b>

Umhverfis- og mannvirkjaráð	27.11.2020	Daði Baldur Ottósson samgönguverkfræðingur á samfélagssviði EFLU kynnti fyrir ráðinu hugmyndir að útfærslu gjaldtöku á bílastæðum í miðbæ Akureyrar.  Pétur Ingi Haraldsson sviðstjóri skipulagssviðs, Eggert Þór Óskarsson forstöðumaður fjárreiðna, Eiríkur Jónasson verkefnastjóri viðhalds gatna og Hrafn Svavarsson forstöðumaður umhverfismiðstöðvar sátu fundinn undir þessum lið. <b>Umhverfis- og mannvirkjaráð þakkar fyrir kynninguna og felur embættismönnum að vinna málið áfram.</b>
Bæjarstjórn	25.1.2021	Samþykkt á meirihlutfundi bæjarstjórnar að vinna verkefnið áfram.
UMSA	26.1.2021	Á samráðsfundi UMSA og SSA er Tómasi falið að vinna verkefnið áfram með EFLU í samráði við Pétur SSA, Eirík UMSA og Eggert hjá fjársýsluviði.
Umhverfis- og mannvirkjaráð	29.1.2021	Rætt um gjaldtöku á bílastæðum á ákveðnum svæðum á Akureyri.
UMSA	8.2.2021	Tómas óskar eftir því að skipulagsráð og bæjarráð taki málið fyrir og afgreiði það sem snýr að hvoru ráði fyrir sig svo hægt sé að halda áfram með undirbúning og framkvæmd verksins.
UMSA	2.3.2021	Formleg vinna Tómasar hefst, unnið að því að setja sig inn í málið og taka saman gögn og uppfæra tíma og verkáætlun.
Skipulagsráð	14.4.2021	Taka málið fyrir
Bæjarráð	15.4.2021	Taka málið fyrir
Skipulagsráð	8.12.2021	Skipulagsráð þarf að samþykkja tillögu um staðsetningu og gerð bifreiðastæðanna.
Bæjarráð	11.11.2021	Bæjarráð þarf að ákveða gjald fyrir stöðu ökutækja og hvað það má standa lengi og á hvaða tíma gjaldskylda er.
UMSA/Fjársýsla	01.08.2021- 01.10.2021	Innheimtakerfi þarf að bjóða út
Fjársýsla/skjaladeild		Útbúa heimasíðu, undirsíðu
Bæjarstjórn	16.11.2021	Þarf að samþykkja endurskoðaða samþykkt um Bifreiðastæðasjóð og gjaldskrá (tekur gildi um áramót).
UMSA	01.03.2021- 31.12.2021	Undirbúningur framkvæmda.
UMSA	01.09.2021- 31.03.2022	Framkvæmd og innkaup á búnaði og merkingum
UMSA/Fjársýsla	12.1.2022	Innleiðing kerfis og gjaldtöku, fara þarf í raunprófanir á búnaði, prófanir hefjast um miðjan desember 2021 (frestaðist um 1 mánuð)
Akureyrarstofa	01.01.2022- 31.05.2022	Kynning á breytingum fór fram á heimasíðu, N4 og dagskrár, ákveðið var að útbúa líka stutt myndband
UMSA/Fjársýsla	4.4.2022	Tekið í notkun

## Umhverfis- og mannvirkjasvið

## Lykil tölur verkefnisins

UMSA	503	klst.	Tíma fjöldi starfsmanna frá 22.05.2019-31.12.2022
Fjárýsla	250	klst.	Tíma fjöldi starfsmanna frá 22.05.2019-31.12.2022
Skipualgssvið	45	klst.	Tíma fjöldi starfsmanna frá 22.05.2019-31.12.2022
EFLA	340	klst.	Tíma fjöldi starfsmanna frá 07.09.2019-10.03.2022
Umhverfismiðstöð	618	klst.	Tíma fjöldi starfsmanna frá 01.01.2012-31.12.2022
Verktakar	149	klst.	Tíma fjöldi starfsmanna frá 01.01.2012-31.12.2022
Aðrir	0	klst.	Tíma fjöldi var ekki skráður hjá öllum
<b>alls</b>	<b>1.905</b>		<b>klst.</b>
Fundir	47	fjöldi	Undirbúnings-, kynningar- og verkfunda
Kostnaður	29.500.000	kr.	Heildarkostnaður verkefnis
Skilti	168	stk.	Fjöldi skilta tekin niður
Skilti	67	stk.	Fjöldi skilta settur upp
Gjaldmæli	3	stk.	Fjöldi gjaldmæla settur upp
Stæði	515	stk.	Fjöldi gjaldskyldra stæða á miðbæjarsvæði
Stæði	576	stk.	Fjöldi gjaldfrjálsra stæða á miðbæjarsvæði
Stæði	28	stk.	Fjöldi p-stæða hreyfihamlara
Stæði	8	stk.	Fjöldi rafmagnsstæða
Stæði	12	stk.	Fjöldi grænna stæða


## Myndir





## Fylgiskjöl

Frumkostnaðaráætlun febr. 2020 (án vsk)		Kostnaðaráætlun sept 2021 (m/vsk)		Raunkostnaður 31.12.2022	
<b>Verkþáttur Framkvæmdir</b>		<b>eining fjöldi einingarv. alls</b>		<b>fjöldi einingarv. alls</b>	
Ný skilti hönnun/kaup/uppsetning. Eldri skilti fjarlægð.	heild	1	6.000.000	1	5.848.244
Kaup á miðamælum	stk.	3	2.000.000	3	1.141.115
Uppsetning á miðamælum, lagnir ofl.	stk.	3	1.000.000	3	962.195
Annað ófyrirséð	heild	1	2.500.000	1	0
			<b>17.500.000</b>		<b>12.158.175</b>
<b>Verkþáttur Sektarkerfi, búnaður ofl.</b>		<b>eining fjöldi einingarv. alls</b>		<b>fjöldi einingarv. alls</b>	
Nýtt sektarkerfi, kaup/uppsetning	heild	1	1.000.000	1	3.400.000
Hugbúnaðar og þjónustusamningur stöðumælur*	heild		0	1	190.000
Hugbúnaðar og þjónustusamningur eftirlitskerfi*	heild		0	1	1.488.000
Tenging sektarkerfis við fjárhagskerfi.	heild	1	2.000.000	1	2.089.850
Sniallsímar og strímlaprentarar fyrir stöðuverði.	heild	1	1.500.000	1	811.415
Kort af nýjum gjaldsvæðum, auglýsingar og kynningarefni.	heild	1	500.000	1	848.604
Annað ófyrirséð (læra á stöðumæla)	heild	1	1.500.000	1	702.382
			<b>6.500.000</b>		<b>9.530.251</b>
			<b>** 24.000.000</b>		<b>** 21.688.426</b>
<b>Bætt við áætlunargerð</b>			24.000.000		20.010.426
UMSA umsjón og eftirlit***	kfst.	350	10.000	350	10.093
EFLA ráðgjöf, hönnun og kaup búnaðar	kfst.	200	18.600	350	18.594
		<b>Alls ****</b>	<b>31.220.000</b>	<b>****</b>	<b>****</b>
Bætt við kostnaðaráætlunargerð			<b>40.460.000</b>		<b>29.451.123</b>
* (mánaðargjald 16.000/124.000 per mánuð)					
** (30.000.000 skv. fjárfestingaráætlun 2021)					
*** (tímar ekki seldir út árið 2020!)					
**** (Mánaðargjald dregið frá enda hluti af rekstri)					



Umhverfis- og mannvirkjasvið